

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sé 4 krónur. Áfrýjandi Kristgeir Jónsson greiði stefndu Jóranni Hannesdóttur 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 14. febrúar 1916.

Nr. 79/1915.

Eggert Briem

gegn

Jes Zimsen

f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Eggert Briem frá Viðey gegn stefnda Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og gekk dómur í því 15. nóvbr. f. á., á

þá leið, að málinu var vísað frá merkjadómnum og áfrýjanda gjört að greiða meðdómsmönnum 75 kr. en málskostnaður að öðru leyti feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu, dags. 19. nóv. f. á., og krafist þess að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist staðfestingar dómsins og málskostnaðar sér til handa bæði fyrir merkjadómi og yfirdómi.

Tildrög máls þessa og málavextir eru á þessa leið: 9. nóvbr. 1907 leigði áfrýjandinn, sem þá var eigandi jarðarinnar Viðeyjar, hinu stefnda hlutafélagi P. J. Thorsteinsson & Co. til 99 ára lóðarspildu á sunnanverðri eyinni og er lóðin afmörkuð á 2 uppdráttum, er fylgja merkjadómsgjörðunum, réttarskjölunum nr. 11 og nr. 22. En 1. sept. árið eftir seldi áfrýjandi stefnda alla eyna. Borgaði stefndi þá þegar nokkuð af söluverðinu, en fékk áfrýjanda 2 skuldbréf, dags. s. d., með veði í eyinni fyrir megninu af söluverðinu. Hljóðaði annað skuldabréfið um 40.000 kr., og var sett að veði fyrir þeirri upphæð lóðarspilda sú, er stefndi hafði leigt af áfrýjanda árið áður og sagt er um í veðskuldabréfinu að takmarkist af »beinni línu milli Þórsness og Háanefs og að öðru leyti af sjó«. Veðinu fylgdu hús og önnur mannvirki, er stóðu á lóðinni. Hitt skuldabréfið hljóðaði um 100.000 kr., og var sett að veði fyrir þeirri upphæð öll eyjan með allri áhöfn og öllu öðru sem eigninni fylgir og fylgja ber, að undanskilinni ný-

nefndri lóðarspildu, og sérstaklega afmörkuðum litlum bletti norðanvert við áðurnefnda merkjalínu, milli Háanefs og Þórsnefs og hafði verið undanþegin veðsetningunni fyrir 40.000 kr.

Stefndi leysti til sín 40.000 kr. skuldabréfið og lét aflýsa því. En 16. oktbr. 1914 var veðið fyrir 100.000 kr. upphæðinni boðið upp á nauðungaruppboði, með því að stefndi hafði ekki gjört skil fyrir þeirri skuld, og var það daginn eftir útlagt áfrýjanda samkvæmt kröfu hans fyrir upphæð þá, er hæst hafði verið boðin í það á uppboðinu.

Um alt þetta eru málsaðilar sammála, þar á meðal um mörkin milli nefndrar lóðaspildu og nefnds bletts, er báðum kemur saman um að stefndi eigi, og Viðeyjar að öðru leyti, sem áfrýjandi eignaðist aftur með nýnefndu afsali uppboðshaldara. Aðila greinir aðeins á um það, hver réttur að lögum fylgi lóðarspildu stefnda gengt sjó; heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi engan rétt neðan stórstraumsflóðs, hvorki til að nota þar mannvirki né til annara fjörunytja, né heldur til nokkurra sjávarnytja og telur merkjadóminn skyldan að dæma sér öll þau réttindi, með því að stórstraumsflóð séu merki landeignar stefnda gegn suðri. Stefndi heldur hinsvegar fram því, að hann hafi öll venjuleg eignar- og afnotaréttindi yfir landeign sinni og útaf henni í sjó út, en merkjadómi varnað að skera úr þannig löguðum ágreiningi.

Í skjölum málsins. leigusamningi 9. nóvbr. 1907 og veðskuldabréfum 3. sept. 1908, 13. janúar 1909 og 10. júní 1912 segir, að spilda sú úr landi Viðeyj-

ar, sem ræðir um í máli þessu, og stefndi er enn eigandi að, takmarkist að suðaustanverðu af sjónum. Agreiningsefnið í málinu er það, hvernig skilja beri þessi orð »af sjónum«, hvort réttari sé skilningur áfrýjanda, að átt sé við stórstraumsflóðmál, eða stefnda, að átt sé við stórstraumsfjörumál, eða með öðrum orðum, hvort fjörusvæðið milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls hafi verið leigt með leigusamningnum 9. nóvember 1907 og veðsett með fyrgreindum veðbréfum. En úrlausn þessarar spurningar verður samkvæmt landamerkjalögnum 17. marz 1882 eigi talin bera undir merkjadóm, enda er auðsætt, að merkjaganga væri með öllu tilgangslaus til upplýsingar og skýringar í því efni. Yfirdómurinn felst því á það, að merkjadómurinn hefir vísað málinu frá sér, og ákvæði hans um málskostnað. Og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá merkjadóminum. — Ákvæði dómsins um málskostnað skal óraskað. Áfrýjandinn, Eggert Briem frá Viðey, greiði stefnda, Jes Zimsen f. h. h.f. P. J. Thorsteinson & Co. 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.